

Fornleifanefnd  
c/o Valborg Þ. Snævarr hrl.  
Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/909**  
**komudagur 11.12.2007**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun, 33. mál 2007.**


Fornleifanefnd hefur fjallað um frumvarpið og sér útaf fyrir sig ekkert því til fyrirstöðu að herða á ákvæðum laga um húsafriðun. Hins vegar er spurning hvort viðmið um 100 ára aldur húsa, sem getur um í a lið 1. gr. frumvarpsins, sé endilega rétt og má í því sambandi benda á að aldur húsa gefi ekki endilega vísbendingu um menningarsögulegt verðmæti þeirra. Væri hugsanlegra réttari leið að veita Húsafriðunarnefnd rýmri heimildir til að friða jafnvel yngri hús og götumyndir, sem ástæða er til að vernda.

Þá verði mikil aukning á friðuðum húsum eftir því sem árin líða, og upphaf 100 ára viðmiðsins færast lengra inn á tuttugustu öldina. Gæti hin gífurlega aukning friðaðra bygginga gert það erfitt að framfylgja ströngustu kröfum um friðun. Hefur í reynd, á grundvelli gildandi laga, reynt erfitt að hafa eftirlit með húsum sem núgildandi lög taka til. Má velta því fyrir sér hvort ekki sé einfaldara að leggja auknar skyldur á húseigendur um viðhald og umhirðu friðaðra húsa og leita annarra og sveigjanlegri leiða til friðunar bygginga sem hafa sögulegt gildi.

Fornleifanefnd leggst því ekki beinlínis gegn breytingu á 6. gr. laga nr. 104/2001 um húsafriðinu en lýsir ákveðnum efasemdum um þá leið sem lögð er til í frumvarpinu og að ef til vill þurfi að setja frekari vinnu í að leita nýrri leiða til húsafriðunar, til samræmis við markmið þessa úrræðis.

Ef gera á breytingar á 6. mgr. 9. gr. laga nr. 73/1997 á annað borð, með þeirri viðbót sem 3. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, er lagt til að að bætt sé við, á undan orðinu “náttúruminjar” orðinu “fornminjar”. Þarf vart að rökstyðja þá tillögu enda augljóst að sama eigi við um fornminjar og aðra þá liði sem getið er í ákvæðinu.

Reykjavík 7. desember 2007  
f.h. Fornleifanefndar

  
Valborg Þ. Snævarr, formaður